



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSÓKN FORSETA FINNLANDS SETNINGARRÆÐA Á ARCTIC CIRCLE

Forseti Finnlands Sauli Niinistö kemur síðar í dag, fimmtudaginn 30. október, í heimsókn til Íslands til að taka þátt í alþjóðþingi Arctic Circle – Hringborðs Norðurslóða. Forsetinn mun flytja ræðu á setningarfundi Arctic Circle í fyrramálið og opna sérstakan fund Arctic Circle þar sem gerð verður grein fyrir stefnu Finnlands í málefnum Norðurslóða, framtíðarsýn og umsvifum. Á þeim fundi munu einnig tala fulltrúar atvinnulífs og vísindastofnana í Finnlandi.

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson býður forseta Finnlands til kvöldverðar að lokinni opnunarmóttöku Arctic Circle sem fram fer síðdegis í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

Forseti Íslands, sem er einn af stofnendum Arctic Circle, hefur á undanförunum misserum rætt þróun Hringborðsins við forseta Finnlands; hlutverk þess í að efla alþjóðlega samræðu og samstarf um framtíð Norðurslóða.

Fyrsta þing Arctic Circle var haldið í Hörpu í fyrra og þingið nú sitja um 1400 þátttakendur frá 34 löndum, ráðherrar, embættismenn, forystumenn í atvinnulífi og vísindum og fulltrúar náttúruverndarsamtaka. Dagskrá þingsins má nálgast á heimasíðunni www.ArcticCircle.org.

30. október 2014

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson
skrifstofustjóri (820 4946).*